

kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi, Slippfélagið í Reykjavík (sic), á sjóveð í vélskipinu Óskari Magnússyni, AK 177, eign stefnda, Útgerðarfélags Vesturlands h/f, Akranesi, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Fimmtudaginn 16. desember 1982.

Nr. 164/1981. **Þröstur Ingvarsson**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Flugleiðum h/f vegna Bílaleigu Loftleiða

(Páll S. Pálsson hrl.)

og Tryggingu h/f

og gagnsök

(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1981. Dómkröfur hans eru þær, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum óskipt skaðabætur að fjárhæð 8.500.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní s. á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu sama dag.

Dómkröfur gagnáfrýjenda eru aðallega þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum aðaláfrýjanda og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Samkvæmt 1. gr. samþykktar nr. 444 frá 30. desember 1976 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80 17. desember 1928 var hámarkshraði bifreiða og annarra ökutækja 45 km á klst. á þeim stað, þar sem áreksturinn varð.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta sakarskiptingu héraðsdómara. Þá þykir áfrýjandi og eiga rétt til bóta vegna afnotamissis af bifreiðinni. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu lögmanns gagnáfrýjenda, að fjárhæð sú, er aðaláfrýjandi krefst í bætur fyrir afnotamissi, sætti ekki tölulegum andmælum. Verður fjárhæð þessi því lögð til grundvallar dómi í málinu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða gagnáfrýjendur dæmdir til að greiða aðaláfrýjanda óskipt 2.125.00 krónur (þ. e. $\frac{1}{4}$ hluti af 8.500.00 krónum) auk vaxta, svo sem í dómsorði greinir.

Þá verður gagnáfrýjendum einnig gert að greiða aðaláfrýjanda óskipt málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjendur, Flugleiðir h/f vegna Bílaleigu Loftleiða og Trygging h/f, greiði aðaláfrýjanda, Presti Ingvarssyni, óskipt 2.125.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní s. á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til upp-

sögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Jónssonar, setts hæstaréttardómara.

Í hinum áfrýjaða dómi er gerð grein fyrir lengd hemlafara eftir bifreiðina R 28788. Við höggið frá henni kastaðist bifreiðin R 43288 til um allt að 6 metrum og valt á hliðina. Ég tel því ástæðu til að ætla, að hraði bifreiðarinnar R 28788 hafi verið töluvert mikið meiri en leyfður hámarkshraði var þarna. Tel ég hæfilegt, að ökumaður þeirrar bifreiðar beri helming sakar og að stefndu bæti tjón stefnanda í samræmi við það.

Ég er samþykkur ákvörðun meiri hluta dómenda um ákvörðun vaxta og málskostnaðar.

Dómsorð mitt verður því svohljóðandi:

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjendur, Flugleiðir h/f vegna Bílaleigu Loftleiða og Trygging h/f, greiði aðaláfrýjanda, Presti Ingvarssyni, in solidum 4.250.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní s. á, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 7.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. maí 1981.

Mál þetta, sem var dómtekið 12. þ. m., hefur verið höfðað fyrir dóminum af hálfu Þrastar Ingvarssonar sjómanns, Skólabraut 9,

Hafnarfirði, fæddis 15. janúar 1963, á hendur Bílaleigu Loftleiða, Reykjavíkurflugvelli, og Tryggingu h/f, Laugavegi 178, Reykjavík, til heimtu skaðabóta, vaxta og málskostnaðar vegna bifreiða-áreksturs. Þegar málið var höfðað, var stefnandi ólöggráða fyrir æsku sakir, og höfðaði því faðir hans málið fyrir hann, en eftir að hann varð lögráða, hefur hann tekið við forræði málsins.

Tildrög málsins eru þau, að þriðjudaginn 22. janúar 1980, kl. 2354, var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt um bifreiðaárekstur á gatnamótum Reykjavíkurvegjar og Hjallabrautar, sem orðið hafði þá skömmu áður. Þarna höfðu rekist á bifreið stefnanda, R 43288, Skoda Amigo 1977, og R 28788, Volkswagen, eign stefnda Bílaleigu Loftleiða og tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Tryggingu h/f. Atvik að áreskrinum voru þau, að stefnandinn Þröstur ók bifreið sinni norður Reykjavíkurveg og beygði til vinstri áleiðis vestur Hjallabraut. Í sama mund bar R 43288 að gatnamótum þessum á leið suður Reykjavíkurveg. Skall framendi R 28788 á hægri hlið R 43288 með þeim afleiðingum, að sú bifreið valt á hliðina. Báðar bifreiðarnar stórskemmdust, svo flytja varð þær með kranabifreið af árekstursstað. Tvær stúlkur, sem voru í bifreið stefnanda, hlutu áverka svo og ökumaður R 28788, Þorsteinn Pálsson. Þau voru öll flutt á sjúkrahús. Umferðarljós eru á gatnamótum þessum, og logaði grænt ljós fyrir báðar bifreiðarnar. Umferð suður Reykjavíkurveg á forgang fyrir umferð, sem kemur að sunnan með fyrirhugaðri beygju vestur Hjallabraut. Götur eru malbikaðar á þessum slóðum, færi var þurrt. Lélegir sumarhjólbardar voru undir bifreiðinni R 43288, en góðir hjólbardar með sumarmynstri undir bifreiðinni R 28788, hemlar reyndust í lagi og rúður hreinar. Hemlaför eftir R 28788 mældust um 20 m löng eftir vinstri hjól og 35 m löng eftir hægri hjól. Lögreglan telur, að áreksturinn hafi verið mjög harður. Báðar bifreiðarnar voru mikið skemmdar eftir áreksturinn, R 43288 aðallega á hægri hlið. Báðar hægri hurðir og framrúða voru brotnar. R 28788 var mikið skemmd að framan. Stefnandi hafði tekið ökuþróf daginn áður en áreksturinn varð. Þorsteinn Pálsson hafði haft bílaleigubílinn undir höndum í mánaðartíma. Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og gefið skýrslu svo og vitnin Þorsteinn Pálsson, farþegarnir Björk Hreinsdóttir og Aðalbjörg Þorvarðardóttir og loks Margrét Valdimarsdóttir, ökumaður bifreiðar, sem kom austur Hjallabraut í átt að gatnamótunum, um það leyti sem áreksturinn varð. Vitnunum og stefnanda ber í öllum aðalatriðum saman um atvik málsins.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum að óskiptu kr. 8.500.00 með almennum innlánsvöxtum frá 22. janúar 1980 til 18. september s. á., en hæstu innlánsvöxtum, þ. e. dómvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar. Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

An: Verðmæti bifreiðarinnar R 43288 fyrir tjón	1.000.000 kr.
Pro: Verðmæti eftir tjón	300.000 —
Jöfnuður	700.000 —

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ökumaður R 28788 hafi valdið árekstrinum með óhæfilega hröðum akstri, gálausum og vítaverðum. Af stefndu hálfu er því haldið fram, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á árekstrinum, þar sem honum hafi skv. 46. gr. umferðarlaga verið óheimilt að beygja í veg fyrir bifreið stefnda Bílaleigu Loftleiða, heldur hafi honum borið að bíða, þar til nálæg ökutæki væru farin fram hjá. Því er haldið fram, að stefnandi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi, hann hafi ekki séð til ferða bifreiðar stefnda, þótt hann hefði átt að sjá til hennar með hæfilegri aðgæslu. Því er algerlega mótmælt af hálfu hinna stefndu, að ökumaður bifreiðarinnar R 28788 hafi ekið of hratt. Því er haldið fram, að stefnandi hafi hikað við gatnamótin, en síðan ekið inn á vestari vegarhelming. Af hálfu hinna stefndu er dregið í efa, að upplýsingar lögreglunnar um hemlaför séu réttar. Lögmaður þeirra telur, að samfelld hemlaför beggja hjóla séu 19 m. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að það atvik, að bremsuför eru misjöfn, bendi til, að hemlarnir hafi verið í ólagi, en lögmaður stefndu bendir á, að ef svo hefði verið, þá hefði bifreiðin átt að dragast til hægri.

Stefnandi segist ekki hafa séð til ferða R 28788 og ekið hiklaust inn á gatnamótin. Hann segir, að annar farþeginn hafi hrópað og í þeim svifum hafi áreksturinn orðið. Hann skýrði lögreglunni svo frá á vettvangi, að mjög stutt hefði verið í bifreiðina R 28788, þegar hann varð hennar var, en að hann hafi þá gefið aflvélinni auðið eldsneyti til þess að komast hjá árekstri. Hann segist hafa fengið taugaáfall.

Þorsteinn Pálsson segist ekki hafa séð neitt athugavert framundan, þegar hann nálgaðist gatnamótin. Hann kveðst hins vegar hafa veitt athygli bifreið, sem kom á móti og hægði á sér við gatnamótin. Hann á þar við bifreið stefnanda. Hann segir, að þeirri bifreið hafi verið ekið inn á þá akrein, sem ætluð var

fyrir umferð inn á Hjallabraut. Skyndilega segist hann hafa séð, að bifreiðinni var ekið mjög hægt og rólega inn á gatnamótin, síðan kveðst hann ekki muna meira. Aðspurður hér fyrir dómi sagði hann ökuhraða bifreiðar sinnar hafa verið 50 km miðað við klukkustund. Hann skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði litið á hraðamæli bifreiðarinnar, er hann átti skammt eftir að gatnamótunum, nánar tiltekið við gangbraut, sem er þar fyrir norðan. Þá segir hann, að ökuhraðinn hafi mælst milli 45 og 50 km miðað við klukkustund.

Hér fyrir dómi skýrði Aðalbjörg svo frá, að hún hefði ekkert orðið vör við bifreiðina R 28788, áður en áreksturinn varð, hún segist hafa verið að tala við vinkonu sína, sem sat frammi í bifreiðinni. Hún segist halda, að stefnandi hafi hægt á bifreið sinni við gatnamótin. Lögreglunni sagði hún, að hún hefði fylgst töluvert vel með akstrinum, að stefnandi hefði stöðvað við gatnamótin og gefið stefnuljós til vinstri og að hún hafi séð bifreiðina á móts við strætisvagnaskýlið norðar á Hafnarfjarðarveginum, en ekki gert athugasemd við, að stefnandi beygði inn á gatnamótin, þar sem henni hafi fundist það langt í bifreiðina, sem hún sá fyrir norðan. Henni var bent á misræmi milli skýrslanna, þegar henni hafði verið kynnt lögregluskýrslan. Hún sagði, að úr því þetta stæði í lögregluskýrslunni, þá hlyti hún að hafa sagt það og þá hlyti hún að hafa séð það, sem hún skýrði lögreglunni frá. Hún tók fram, að hún hefði ekkert þurft að rifja þetta upp í milli-tíðinni.

Björk segist hafa litið út um bílgluggann og séð þá bifreiðina R 28788 nálgast og lenda á hlið R 43288. Í lögregluskýrslu sagðist hún hafa séð til bifreiðar koma akandi suður Reykjavíkurvegin og hafi sú bifreið verið langt norðan við gatnamótin og hafi ekki hvarflað að sér, að þeim stafaði nein hættu frá þeirri bifreið. Hún kveðst samt hafa fylgst með bifreiðinni og þá séð, að hana bar mjög brátt að, og gert sér grein fyrir, að hún var á allmikilli ferð. Hún kveðst þá fljótlega hafa gert sér grein fyrir því, að árekstur mundi verða vegna þessa mikla hraða á bifreiðinni, og því hrópað til ökumanns um að reyna að flýta sér áfram til þess að forðast árekstur, en um sama leyti hafi áreksturinn orðið.

Margrét segir, að R 43288 hafi verið ekið frekar hægt að gatnamótunum. Ökumaðurinn hafi virst hika við gatnamótin, en ekið svo inn á vestari vegarhelming. Hún segir, að hinn bílinn hafi verið á eðlilegum hraða miðað við aðstæður.

Álit dómsins.

Telja verður, að meginorsök árekstursins verði rakin til stórkostlegs gáleysis stefnanda, sem ekki veitti bifreiðinni R 28788 athygli, þar sem hún nálgadist gatnamótin, en ók inn á þann vegarhelming, sem þeirri bifreið var ætluð, í veg fyrir hana. Þykir stefnandi með þessu hafa brotið gegn 1. mgr. 37. gr. laga nr. 40/1968, 4. mgr. 45. gr., 2. mgr. 46. gr., 4. málslíð, 3. mgr. 46. gr. og 1. mgr. 48. gr. sömu laga. Þegar litið er til upplýsinga lögreglunnar um hemlaför og skýrslu ökumannsins Þorsteins Pálssonar, þykir verða að miða við, að hann hafi ekið með a. m. k. 50 km hraða miðað við klukkustund, sem var almennur hámarks-hraði í þéttbýli á þessum tíma skv. lögum nr. 16/1977 um breytingu á umferðarlögunum. Ágreiningslaust er hins vegar, að hámarksökuhraði hafi verið þarna 45 km miðað við klukkustund. Þegar þess er gætt, að stefnandinn nálgadist gatnamót í myrkri, þykir verða að telja, að hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður. Þykir hann með þessu hafa brotið gegn 49. gr. laga nr. 40/1968, 1. og 2. mgr., svo og 3. mgr. (c líð), sbr. 1. og 4. mgr. 5. gr. og lög nr. 16/1977. Eftir atvikum þykir rétt, að tjón það, sem krafíð er um bætur fyrir í máli þessu, skiptist skv. 68. gr. umferðarlaganna á ökutækin að tiltölu við sök, þannig að stefnandi beri sjálfur $\frac{3}{4}$ hluta tjóns síns, en stefndu ábyrgist $\frac{1}{4}$ hluta.

Af hálfu hinna stefndu hefur verið vefengt, að stefnandi hafi beðið nokkurt tjón vegna afnotamissis. Þegar þess er gætt, að stefnandi hafði fengið ökuleyfið daginn fyrir áreksturinn og að ekki hefur komið fram, að hann hafi haft þörf fyrir bifreið vegna atvinnu sinnar, þykir ekki verða fallist á kröfu hans um bætur fyrir afnotamissi. Að öðru leyti hefur fjárhæð bótakröfu ekki sætt ágreiningi. Samkvæmt þessu þykja stefndu eiga að greiða stefnanda að óskiptu kr. 1.750.00 með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hætu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands, til greiðsludags. Miðað við málsúrslit þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Bílaleiga Loftleiða og Trygging h/f, greiði stefn-

anda, Presti Ingvarssyni, kr. 1.750.00 með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981 og 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. desember 1982.

Nr. 239/1982. Ákærvaldið

gegn

Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. desember 1982, sem barst Hæstarétti 13. s. m. Krefst hún þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 11. desember 1982.

Ár 1982, laugardaginn 11. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af